



TILLAGA

Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Sendandi: Sviðsstjórar menningar- og íþróttasviðs og skóla- og frístundasviðs

Tillaga um nýja deild hjá menningar og íþróttasviði – útivistardeild.

Lagt er til að á menningar- og íþróttasviði verði til deild sem kennd er við útilífsborgina Reykjavík. Þrjár skipulagseiningar yrðu þá settar fram í skipuriti sviðsins þ.e. menningarborgin, íþróttaborgin og útilífsborgin. Þessar einingar ynnu þétt saman enda skarast sum málefni og þættir að vissu leiti. Horft er til að sameina núverandi starfsemi sem tilheyrir menningar- og íþróttasviði þ.e. Fjölskyldu- og húsdýragarð, Siglunes og skíðabrekkur innan borgarmarkanna og starfsemi skóla- og frístundasviðs þ.e. Miðstöð útivistar og útináms og Frístundagarðsins sem nú tilheyrir frístundamistöðinni Brúnni. Allar þessar starfseiningar hafa það sameiginlegt að þjónusta borgarbúa tengt útivist en jafnframt að veita fræðslu til barna- og ungmenna í skóla- og frístundastarfi ásamt því að vera í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila, s.s. íþróttafélög og önnur félagasamtök.

Greinargerð

Í aðgerðaráætlun vegna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 var lagt til að Miðstöð útivistar og útináms flyttist frá skóla- og frístundasviði til menningar- og íþróttasviðs og fjármagn með verkefninu kæmi úr ramma frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar og af væntanlegum samstarfssamningi menningar- og íþróttasviðs og skóla- og frístundasviðs vegna Gufunesbæjar.

Meginmarkmið með starfsemi málaflokksins útilíf er að auka þátttöku borgarbúa í almennri útiveru og hreyfingu og stuðla þannig að bættri lýðheilsu. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að:

- Bæta aðstöðu til útilífs í borginni
- Koma til móts við mismunandi áhugasvið fólks tengt útivist.
- Skapa vettvang til að auka gæði og framboð útivistar og útináms í skóla- og frístundastarfi
- Auka þekkingu fagfólks í skóla- og frístundastarfi á útivist og útinámi. Styðja við sérgreinasambönd/frjáls félög sem vinna með útivist í sínu starfi.
- Styðja við rannsóknir, nýsköpun og framþróun á útivist í borginni m.a. í samstarfi við háskóla.

Frekari aðgerðaráætlun til að ná meginmarkmiðinu verði unnin af nýrri deild útilífsborgarinnar á skrifstofu menningar- og íþróttasviðs.



Öflugt starf hefur verið unnið í þessum einingum í langan tíma og ljóst að þær starfseiningar sem verið er að leggja til að sameina hafa góðan hljómgrunn meðal íbúa Reykjavíkur. Í dag er hver þessara starfseininga að vinna í sitt hvoru lagi þó svo að ákveðið samstarf og samtal sé á milli starfsfólks sem tilheyrja þessum starfsstöðum. Fram hefur farið greiningarvinna vegna verkefnisins og þar var rætt við lykilmál og komu fram fjölmargar og góðar hugmyndir að verkefnum og samþættingu. Hæfni og reynsla starfsfólks er mikil og því mikilvægt að virkja mannauðinn í sameiningarferlinu til að þróa enn frekar stefnu útlífsborgarinnar til framtíðar.

Reiknað er með ákveðinni samlegð og hagræðingu vegna verkefnisins. Nýting fjármuna og þjónustustig verða bætt m.a. út frá eftirfarandi samlegaráhrifum.

- Starfsemi er árstíðarbundin þar sem þjónustustig Fjölskyldugarðs, Sigluness og Frístundagarðs við Gufunesbæ er mest á sumrin. Á móti skapast tækifæri til að bjóða upp á starfsemi á veturna í skíðabrekkum borgarinnar og á fleiri stöðum tengt vetrarútlífi s.s. með lagningu gönguskíðaspora og að nýta vötn til skautaiðkunar. Einnig gætu opnast tækifæri til að nýta þessa starfsemi betur fyrir börn og unglíngla í skóla- og frístundastarfi á veturna. Starfsemi þessara eininga vege því hver aðra upp og hægt verður að bjóða upp á öflugri og markvissari þjónustu.
- Samlegðaráhrif verða gagnvart verkstæðisþjónustu sem nú er einungis gagnvart Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að verkstæðisþjónustan nýtist öllum starfseiningum.
- Betri nýting mannauðs m.a. út frá fræðslutilboðum, skipulagningu viðburða og umsjón mannvirkja.
- Meiri og betri nýting á tækjabúnaði.

Innleiðing:

Maí 2023

Ákvörðun tekin um sameiningu eininga og samþykktir liggja fyrir hjá skóla- og frístundaráði og menningar- íþróttá- og tómstundaráði.

Maí 2023

Ákvörðun um sameiningu kynnt fyrir starfsfólki.

Júní – ágúst 2023

Vinna við fjárhagsáætlunargerð fyrir sameinaðar starfseiningar fyrir 2024.

Vinna við endurmat á starfslýsingum og þeim störfum sem þarf að breyta með mannauðsdeild menningar- og íþróttasviðs.

September – Desember 2023

Skrifstofustjóri tekur til starfa 1. september 2023.

Stefnumótunarvinna og undirbúningur með starfsfólki og hagsmunaaðilum.

Janúar 2024

Ný skipulagseining tekur formlega til starfa.

Breytingin mun ekki hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins 2023.

Áætlun vegna verkefnisins verður lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2024.

Verkefnið hefur verið unnið í fullu samstarfi sviðanna og verið kynnt í skóla- og frístundaráði við góðar undirtektir.

Eiríkur Björn Björgvinsson
sviðsstjóri MÍR

Helgi Grímsson
sviðsstjóri SFS